

## **Samþykktir**

### **fyrir Klasa safna, sýninga og setra á Vesturlandi**

#### **1. kafli**

##### **Nafn, heimili, tilgangur og félagsaðild**

1.gr.

Klasi safna og sýninga á Vesturlandi starfar sem félagsamtök að Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að:

- Vinna að sameiginlegri kynningu hinna fjölbreyttu flóru safna, sýninga og setra á Vesturlandi fyrir íbúa sem og innlenda og erlenda gesti.
- Vekja íbúa til meðvitundar um hversu fjölbreytt söfn og sýningar er að finna í þeirra eigin heimabyggð.
- Styrkja faglegt starf, sýningagerð og rannsóknir.
- Tryggja örugga vörslu og skráningu muna.
- Styðja við fræðslu til almennings innan safna, sýninga og setra á Vesturlandi.
- Styðja við fræðsluhlutverk safna, sýninga og setra gagnvart menntastofnunum.

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að:

- Efla samvinnu og tengslanet starfsfólks safna, sýninga og setra á Vesturlandi.
- Efla þekkingu starfsfólks safna, sýninga og setra með sameiginlegri fræðslu.
- Efla samtal um stöðu og hagsmuni safna, sýninga og setra á Vesturlandi.
- Efla sameiginlega markaðssetningu safna, sýninga og setra á Vesturlandi í samvinnu við Markaðsstofu Vesturlands.
- Vinna að sameiginlegri stefnu um vörslu og skráningu muna.
- Vinna í takt við menningarstefnu Vesturlands og Sóknaráætlun Vesturlands.

4. gr.

Eingöngu aðilar sem skilgreindir hafa verið sem söfn, sýningar og setur á Vesturlandi

hafa rétt á að ganga í félagið og er félagsaðild nýrra félaga tekin upp á næsta stjórnarfundum.

Stofnfélagar eru þau söfn, sýningar og setur sem skráð eru í fylgiskjal með þessum samþykktum

## 2. Kafli

### Stjórn og starfsemi félagsins

#### 5. gr.

Í stjórn félagsins skulu eiga sæti þrjú fulltrúar sem kosnir eru á aðalfundi félagsins. Einn formaður, einn ritari og einn meðstjórnandi. Einnig eru kosnir tveir varamenn. Stjórnarfolk skal kosið til tveggja ára í senn. Annað árið skal kjósa formann og ritara. Síðara árið skal kjósa meðstjórnanda.

Stjórn félagsins stýrir verkefnum félagsins samkvæmt skipulagsskrá þessari og starfsáætlun hverju sinni. Starfsmaður klasans situr sem áheyrnarfulltrú í stjórn og fer með firmaritun félagsins.

#### 6. gr.

Aðalfund skal boða með sannanlegum hætti með minnst 10 daga fyrirvara og er hann löglegur ef löglega er til hans boðað.

#### 7. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok marsmánaðar.

Hvert aðildarsafn, sýning eða setur hefur eitt atkvæði.

Dagskrá aðalfundar:

- Skýrsla formanns
- Skýrsla gjaldkera
- Umræða um skýrslu og reikninga félagsins
- Kosning í stjórn
- Kosning í verkefnastjórnir og nefndir
- Kosning skoðanamanna
- Verkefnaáætlun komandi starfsárs lögð fram til samþykktar ásamt kostnaðaráætlunum.
- Önnur mál

#### 9. gr.

Árgjald félagsins er 60.000 kr. Sameiginleg verkefni eru fjármögguð með styrkjum og framlögum aðildarféлага eins og getið er um í verkefna- og kostnaðaráætlunum fyrir hvert starfsár.

Hafi félagsaðili samþykkt verkefnið ásamt kostnaðaráætlun er sendur út reikningur á hans nafni sem greiða skal á reikning félagsins.

Félagsaðili getur tekið þá ákvörðun að taka ekki þátt í einstökum verkefnum.

#### 10. gr.

Félaginu er ekki ætlað að skila hagnaði. Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins.

Drög – seinni umferð í umsagnarferli meðal fulltrúa safna, sýninga og setra á Vesturlandi

11. gr.

Ákvörðun um slit félags verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta og renna eignir þess til þeirra safna sem eru félagsmenn á þeim tíma.

Lög þessi voru lögð fram og samþykkt á stofnfundi félagsins [staðsetning] [dagsetning] og öðlast strax gildi við undirskrift.